

Lýsing verkefnis, umfangsáætlun og kostnaður

Að beiðni bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur undirritaður tekið saman neðangreinda lýsingu og umfangsáætlun fyrir verkefni sem snýr að endurskoðun samninga bæjarins við íþróttafélög.

Lýsing verkefnis

Verkefnið felst í greiningu fyrirliggjandi samninga bæjarins við íþróttafélög, samantektar um framlög bæjarins til íþróttafélaga sl. 10 ár og tillögugerð um nýtt samningsform við félögin.

Hluti verkefnisins felst einnig í samanburði við nágrannasveitarfélögin um framlög til íþróttamála. Auk þessi verði form viðlíka samninga hjá Kópavogsbæ skoðað sérstaklega en þar eru gerðir tvennskonar samningar við hvert félag, annarsvegar samningur um rekstur íþróttamannvirkja og hinsvegar samningur um framlög sem tengjast fjölda iðkenda hjá hverju félagi. Kannað verði hvort þetta form geti nýst sem fyrirmynd fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Auk þess verði unnin þarfagreining á viðbótar íþróttaaðstöðu íþróttafélaganna.

Helstu verkþættir

- Greining núverandi samninga Hafnarfjarðarkaupstaðar við íþróttafélög.
- Samantekt framlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar til íþróttafélaga sl. 10 ár.
- Samantekt um framlög nágrannasveitarfélaga til íþróttafélaga til samanburðar við framlög Hafnarfjarðarkaupstaðar.
- Samningsform Kópavogsbæjar skoðað.
- Tillögugerð um nýtt samningsform.
- Þarfagreining fyrir íþróttafélögin á viðbótar íþróttaaðstöðu á næstu árum, þ.m.t. húsnæði.
- Greinargerð

Við vinnslu verkefnisins verði neðangreindar skýrslur hafðar til hliðsjónar:

- Samantekt á fjárhagslegum samskiptum Hafnarfjarðarbæjar og íþróttahreyfingarinnar – Lokaskýrsla starfshóps fjölskylduráðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 2012.
- Kröfulýsing – Íþróttahús í Hafnarfirði – R3-Ráðgjöf ehf., 2013

Afurð verks

Afurð verks verði greinargerð um verkefnið og heildarniðurstöður þess. Auk þess verði ný drög að samningum við íþróttafélög hluti af afurðum verksins.

Upphaf verks og skil

Verkefnið getur hafist nú þegar og reiknað með að því verði lokið um einum og hálfum mánuði eftir upphaf verks.

Stuðningur Hafnarfjarðarkaupstaðar

Verkið verði unnið í nánú samráði við bæjarstjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Umfangsáætlun verksins byggir á að Hafnarfjarðarkaupstaður gefi verkefninu nauðsynlegan stuðning, gögn og upplýsingar sem nauðsynlegar eru við úrlausn verkefnisins.

Umfangsáætlun og kostnaður

Gert er ráð fyrir að heildarumfang verksins nemi 125 klst. vinnu verksala. Miðað við 12.500 kr. tímagjald, auk vsk., er gert ráð fyrir að heildarkostnaður nemi 1.562.500 kr., auk vsk., eða 1.960.937 kr., með vsk. Reiknað er með að samningsfjárhæð verði greidd í tveimur hlutum, 50% á miðju verktímabili og 50% við verklok.

Verði verkþáttum fjölgað, verkefnið verði útvíkkað eða það reynist verulega umfangsmeira en áætlað hafði verið skulu aðilar fjalla um það og taka ákvörðun um áframhald þess.

Umsjónarmaður verks verður Garðar Jónsson, rekstrarráðgjafi en verkefnið verði unnið af Br. Tryggva Árnasyni, ráðgjafa.

Reykjavík, 8. desember 2014.

Garðar Jónsson, Viðskiptafræðingur – M.Sc. í altækri gæðastjórnun